



Minnisblað bæjarstjóra

Dags. 13.12.2022

**Mál nr. 2210057 Flöggun íslenska fánans við ráðhús Fjallabyggðar**

Á fundi bæjarráðs 19.10.2022 var lagt fram vinnuskjal deildarstjóra stjórnarsýslunnar, um flöggun íslenska fánans við stofnanir Fjallabyggðar. Þar er lagt til að reglulegri flöggun við stofnanir Fjallabyggðar við andlát og útför íbúa verði hætt frá og með 1. janúar 2023. Frá og með þeim tíma verður íslenska fánanum flaggað við stofnanir Fjallabyggðar á opinberum fánadögum.

Í ljósi viðbragða og sjónarmiða margra bæjarbúa var bæjarstjóra falið að vinna málið áfram. Undirrituð hafði það að leiðarljósi við útfærslu málsins að gætt yrði samræmis milli bæjarkjarnanna Ólafsfjarðar og Siglufjarðar varðandi flöggun sem og að farið yrði eftir sömu reglum og kirkjurnar í Ólafsfirði og Siglufirði viðhafa varðandi andlát og útfarir, þ.e. að flagga við útfarir, en ekki við andlát.

Haft var samband við formenn sóknarnefnda Ólafsfjarðarkirkju og Siglufjarðarkirkju varðandi flöggun. Í ljós kom að meginreglan er sú að ekki er jarðsett um helgar í Ólafsfirði og því getur starfsmaður í stjórnarsýsluhúsinu á Ólafsfirði annast flöggun á útfarardögum við Stjórnarsýsluhúsið við Ólafsveg í Ólafsfirði.

Samkomulag hefur verið gert við formann sóknarnefndar Siglufjarðar um að kirkjuvörður eða meðhjálpari muni annast flöggun við Ráðhúsið á Siglufirði á sama tíma og flaggað er við útfarir í Siglufjarðarkirkju.

Á móti mun bæjarfélagið leggja til starfskrafta úr vinnuskólanum á meðan að hann er starfræktur yfir sumartímann, í ákveðin verkefni á vegum Siglufjarðarkirkju. Verkefnið miðast þó alltaf við fjölda nemenda í vinnuskólanum á hverjum tíma og þá getu hans.



*Sigríður Ingvarsdóttir*

Sigríður Ingvarsdóttir  
Bæjarstjóri Fjallabyggðar

*Júlía B. Birgisdóttir*

Júlía Birgisdóttir  
Formaður sóknarnefndar Siglufjarðarkirkju